

Að taka lán eða spara, bíll – vinnublað



Markmið: kaupa bíl

Persónan þín er 18 ára og er við nám í framhaldsskóla sem hún klárar eftir eitt og hálf ár. Hún vinnur með skólanum og væri alveg til í að eiga bíl til að komast á milli staða. Hún fær 100.000 kr. í laun á mánuði eftir skatt og inn á sparnaðarreikningi á hún 600.000 kr. sem hún ætlar að nota í bílakaupin. Bíllinn sem hún hefur skoðað kostar 1.400.000 kr. og hún getur annað hvort tekið lán fyrir þeim 800.000 kr. sem vantar upp á og keypt bíllinn strax, eða verið þolinmóð og safnað fyrir því sem vantar upp á.

Verkefnið ykkar er að skoða tvo eftirfarandi kosti og ræða. Notið reiknivélar á vefjum bankanna (lán og sparnaður) eða á vef Fjármálavits.

Það er engin ein rétt lausn við þessu verkefni. Markmiðið er að ræða niðurstöður.

1. Óverðtryggt lán, 800.000 kr.

Lánstími = 3 ár

Vextir = um 12%

Sjá t.d. reiknivél á vef Fjármálavits:
„lán, verðtryggt/óverðtryggt“.

Skoðið eftirfarandi og ræðið.

- Heildarupphæð til greiðslu
- Heildarlántökukostnað
- Meðalgreiðsla á mánuði
- ÁHK (árleg hlutfallstala kostnaðar)
- Mánaðargreiðsla af láninu að meðaltali.

2. Mánaðarlegur sparnaður,

Vextir = um 8%

Sjá t.d. reiknivél: „fram tíðarvirði upphæðar“.

Hún leggur mánaðrlega inn á sparnaðarreikning jafn mikið og hún myndi greiða mánaðrlega af láninu í lið 1. Hún á þegar 600.000 kr. á þeim reikningi.

Skoðið og ræðið eftirfarandi:

- Hvað tæki það hana langan tíma að ná upp í 1.400.000 kr?
- Hver er heildarvöxtunin á tímabilinu?
- Berið saman heildarkostnaðinn við að taka lánið og ávöxtunina við að spara og ræðið hvað þið mynduð gera.

Að taka lán eða spara, sími - vinnublað



Markmið: nýr sími á 179.990 kr. eða á 194.990.

Einstaklingurinn þinn er 17 ára og stundar nám í menntaskóla. Hann á gamlan síma og langar að kaupa sér nýjan.

Hann er búinn að velta fyrir sér símategundum og er kominn með tvo sem honum líst best á. Hann á hins vegar ekki fyrir símanum og skoðar nú möguleika á að skipta greiðslunum.

1. Sími A kostar 179.990 kr.

a. Heildargreiðslan eftir 18 mánuði
198.270 kr.

*ÁHK: 14,79%

Mánaðarleg greiðsla: 10.190 kr.

Kostnaður: 28.370 kr.

b. Heildargreiðslan eftir 24 mánuði
194.760 kr.

*ÁHK: 14,27%

Mánaðarleg greiðsla: 7.790 kr.

Kostnaður: 24.770 kr.

2. Sími B kostar 194.990kr.

a. Heildargreiðslan eftir 18 mánuði
216.270 kr.

*ÁHK: 14,22%

Mánaðarleg greiðsla: 11.690 kr.

Kostnaður: 21.280 kr.

b. Heildargreiðslan eftir 24 mánuði
223.560 kr.

*ÁHK: 14,35%

Mánaðarleg greiðsla: 8.990 kr.

Kostnaður: 28.570 kr.

Spurningar

1. Hvaða tilboð ber hæstan hlutfallslegan kostnað á ári?
2. Hvaða tilboð myndir þú taka?
3. Af hverju?

Að taka lán eða spara, bíll - vinnublað



Markmið: Kaupa bíl á 1000.000 kr. Á sparnaðarreikningi eru 400.000 kr. og það vantar 600.000 kr.

Sjá t.d. reiknivél á vef Fjármálavits:
„lán, verðtryggt/óverðtryggt“

Notið almenna reiknivél fyrir lán til að skoða kostnaðinn við það að taka óverðtryggt lán í banka til þriggja ára fyrir því sem upp á vantar til að geta fengið bílinn strax.

Upphæð láns 600.000 kr.

Jafnar afborganir

Lánstími 3 ár (36 mánuðir)

Vextir um 12%

1. Hver verður afborgun á mánuði?
2. Hver verður heildar upphæð til greiðslu?
3. Hversu há er ÁHK?

Sjá t.d. reiknivél á vef Fjármálavits:
„reglulegur sparnaður“.

Ef hún safnar fyrir bílnum og sparar jafn mikið á mánuði og hún myndi greiða af láninu á mánuði í spurningu 1, hvað verður það orðin há upphæð eftir 3 ár?

Vextir um 8%

Sparnaðartími 3 ár (36 mánuðir)

4. Hvað mynduð þið gera í hennar sporum?

Ræðið.

Það er engin ein lausn við þessu verkefni. Markmiðið er að skoða kostnað við lántöku, bera það saman við ávöxtun af sparnaði og ræða.

Að taka lán eða spara, heimsreisa - vinnublað



Markmið:

Heimsreisa.

Hann á 200.000 kr.

og vantar 1000.000 kr.

A.

Vill fara strax og taka lán upp á eina milljón fyrir ferðinni. Hvað þarf hann að greiða af láninu á mánuði í tvö ár og hver er heildarupphæðin sem hann greiðir til baka?

Notaðu lánareiknivél.

Upphæð láns = 1000.000 kr.

Lánstími = 2 ár (24 mánuðir)

Óverðtryggt lán

Jafnar afborganir

Vextir um 12%

1. Hver verður afborgun á mánuði?
2. Hver verður heildar upphæð til greiðslu?
3. Hversu há er ÁHK?

B.

Hann ætlar að vinna og eiga fyrir heimsreisunni.

Ef hann safnar og sparar jafn mikið á mánuði og hann myndi greiða af láninu á mánuði í spurningu 1, hvað er hann lengi að safna því sem upp á vantar (1000.000)? Mundu að hann á 200.000 kr.

Notaðu sparnaðarreikni.

Vextir um 8 %

4. Hvað mynduð þið gera í hans sporum?
5. Af hverju?

Ræðið.

*ÁHK gefur til kynna heildarkostnað við lántöku. Prósentutalan segir til um hve stór hluti árlegra greiðslna af láninu fer í vexti og kostn

